

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 26. júní 2018
UST201806-215/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Gvendarbrunnar – Jarðstrengur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Í framkvæmdinni felst að lagður verður 11 kV jarðstrengur frá aðveitustöð við Rauðavatn að Gvendarbrunnum. Strengurinn verður grafin niður með vatnslöga sem liggur frá Gvendarbrunnum. Framkvæmdin er hluti aðgerða sem hafa það að markmiði að raforkuvæða dælustöðvar vatnsveitunnar í Heiðmörk og flytja díselvararafstöð út fyrir vatnsverndarsvæðið. Núverandi 11 kV loftlína á sama svæði verður rifin.

Hér er um að ræða framkvæmd á svæði sem þegar hefur verið raskað og munu hlestu ásýndarbreytingar felast í niðurrifi núverandi háspennulínu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Vegna viðveru vinnuvéla innan vatnsverndarsvæðis ætti að leggja sérstaka áherslu á að fylgjast með mögulegu olíusmiti frá vélunum.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri